

**35. gr.**

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

**36. gr.**

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

**37. gr.**

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

**38. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

**39. gr.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavík nr. 21 1. febrúar 1971 með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**G J A L D S K R Á**

fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur.

**I. KAFLI****UM HAFNARGJÖLD Í REYKJAVÍK****1. gr.**

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún er mest skrá á mælibréfi skips.

**1. Lestagjald.****2. gr.**

Öll skip skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Skip telst við ákvörðun lestagjalda koma til hafnar, sé því veitt þjónusta af hafnarstarfsmönnum eða tollgæslunni í Reykjavík.

### 3. gr.

- a. Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 6.00 á brúttórúmlest.
  - b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
  - c. Innlend fiskiskip greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
  - d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2000.00.
- Gjaldldagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

## 2. Bryggjugjöld.

### 4. gr.

- a. Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 3.00 af hverri brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.
  - b. Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði. Fiskiskip skráð í Reykjavík greiða hálf bryggjugjald.
  - c. Lágmarksgjald er kr. 100.00 á sólarhring.
- Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekkert bryggjugjald. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

## 3. Fjörugjald.

### 5. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 2.00 af hverri brúttórúmlest skipsins en þó aldrei minna en kr. 500.00. Dráttarbrautafyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru á land hjá þeim.

## 4. Vatnsgjald.

### 6. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

## 5. Hafnsögugjald.

### 7. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmlestir, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma til hafnarinnar.

Herskip, varðskip og innlend skip, minni en 400 brúttórúmlestir, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

### 8. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina.

## 9. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til eða frá höfninni kr. 1 000.00 fyrir hvert skip, auk kr. 2.50 fyrir hverja brúttórúmlest.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a. fyrir flutning milli hafnarsvæða, en  $\frac{1}{3}$  gjalds fyrir flutning innan sama hafnarsvæðis.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnarsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 7. gr. greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.
- d. Innland skip greiða aðeins fullt gjald samkvæmt a-lið í fyrsta skipti er þau koma til hafnar á ári hverju, en  $\frac{1}{2}$  gjald úr því.

## 6. Vörugjald.

## 10. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 11. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Reykjavíkur, eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegar þessu gjaldi eru þær vörur, sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 12. gr.

Af vörum, sem eru fluttar úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

## 13. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegar vörugjaldi:

- a. Innland nýmjólk, sem flyst til hafnarinnar.
- b. Umbúðir, sem endursendar eru.
- c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

## 14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum og er heimilt að nota þá einingu er gefur hærra vörugjald. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

Hafnarstjórn hefur heimild til að semja um sérstök vörugjöld, ef um mikið magn af óunninni vöru er að ræða, svo og ef hún telur sérstakar löndunar- eða þökkunaraðferðir réttlæta slíkt.

## 15. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## 16. gr.

## Vörugjaldskrá.

## 1. fl. Gjald kr. 64.00 fyrir hver 1000 kg:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement, vikur.

## 2. fl. Gjald kr. 110.00 fyrir hver 1000 kg:

Sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara, sekkjað sement.

## 3. fl. Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg:

Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 2. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

## 4. fl. Gjald kr. 640.00 fyrir hver 1000 kg:

- Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vin, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

## 5. fl. Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

## 6. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

## 7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

## 17. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

## 18. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

## 19. gr.

Fyrir notkun á dráttarbatum, hafnsögubátum, krönnum og öðrum tækjum hafnarinnar, svo og fyrir móttöku skipa, skal greiða gjald er hafnarstjóri ákveður.

## II. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

## 21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnar-sjóður haldsrétt yfir skipinu, uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 22. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 17. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt. Hafnar-sjóður hefur og haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu, uns gjaldið er greitt.

## 23. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 18. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkvæmt 19. gr., greiðir samningsaðili.

## 24. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Kröfur ná einnig til tryggingafjár skipa og varnings.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbata og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjavíkurhöfn, skv. reglugerð nr. 21, 1. febrúar 1971.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 109.

20. mars 1975.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún nr. 13 19. janúar 1973.**

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

### 2. gr.

Greinar 27—47 falli niður og inn komi nýr kafli, VIII. kafli **Ýmis ákvæði**, og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að greinar 48—52 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 110.

20. mars 1975.

## GJALDSKRÁ

**fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps.**

### I. KAFLI

**Um hafnargjöld í Vopnafjarðarhöfn.**

### 1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.